



Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 11. júlí 2024.

Ágæti bæjarstjóri, bæjarfulltrúar, fulltrúar og áheyrnarfulltrúar í fræðsluráði.

Vakin hefur verið athygli [Velferðarvaktar](#) á stefnubreytingu hjá Hafnarfjarðarbæ þar sem sveitarfélagið hyggst láta barnafjölskyldur standa á ný að kostnaði vegna ritfanga grunnskólabarna. Slíkur kostnaður var afnuminn á sínum tíma.

Í [fundargerð](#) fræðsluráðs Hafnarfjarðarbæjar frá 25. október sl. kemur fram:

„Fræðsluráð samþykkir að gera breytingar á innkaupum á ritföngum og leggur til að frá og með næsta hausti mun grunnskólinn útvega allar vinnubækur og pappír en börn komi sjálf með ritföng, tryggt verður að til verði ritföng í skólunum ef börn koma ekki með með sér.“

Velferðarvaktin, sem fylgist m.a. með velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, fjallaði um þessi mál á sínum tíma og hvatti til þess að kostnaður barnafjölskyldna vegna ritfanga og pappírs yrði almennt afnuminn hjá sveitarfélögum landsins. Í framhaldinu var [kostnaður afnuminn](#) hjá 99% grunnskólabarna.

Þrátt fyrir að Hafnarfjarðarbær hyggist tryggja börnum sem ekki koma með ritföng með sér, ritföng á staðnum, getur slíkt sett börn í flókna og erfiða stöðu gagnvart öðrum. Gera má ráð fyrir því að börn sem ekki koma með ritföng í skólann komi frá efnaminni fjölskyldum og upplifi því jaðarsetningu með stefnubreytingunni.

Almennt má segja að nú sé reynt að stefna að því að minnka kostnað barnafjölskyldna vegna skólagöngu með boðuðu [frumvarpi](#) stjórnvalda.

Óskað er eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hver eru rökin á bak við breytingar á fyrri stefnu um að skólinn útvegi grunnskólabörnum í Hafnarfjarðarbæ ritföng?
2. Hve há fjárhæð sparast í rekstri grunnskólans með stefnubreytingunni í krónum talið alls, sem og brotið niður á hvert grunnskólabarn í Hafnarfjarðarbæ?
3. Hvernig hyggst Hafnarfjarðarbær fyrirbyggja að börn, sem ekki koma með ritföng í skólann, upplifi jaðarsetningu?

Óskað er svara fyrir 9. ágúst nk.

Kveðja,
Siv Friðleifsdóttir,
formaður Velferðarvaktar